

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um kostnað við þjóðlendumál.

1. *Hver hefur heildarkostnaður við þjóðlendumál verið, annars vegar hjá ríkinu og hins vegar hjá sveitarfélögum?*

Heildarkostnaður ríkisins af þjóðlendumálum til áramóta 2005 hefur verið eftirfarandi, skipt eftir árum:

Ár	Fjárhæð í þús. kr.
1988	3.444
1999	19.869
2000	33.168
2001	44.303
2002	51.088
2003	68.288
2004	84.393
2005	79.962
Samtals	384.516

Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um kostnað sveitarfélaga af þjóðlendumálum og getur því ekki svarað spurningum þar um.

Auk þessa leggur embætti ríkislögmanns til vinnu við málflutning fyrir dómstólum vegna þjóðlendumála, en sá kostnaður er inn í fjárveitingum til þess embættis og eykur ekki útgjöld ríkissjóðs sérstaklega.

2. *Hvernig skiptist kostnaður opinberra aðila á einstök verkefni í þjóðlendumálum?*

Kostnaður við þjóðlendumál skiptist þannig, í þús. kr.:

Ár	Kostnaður ráðuneytisins vegna undirbúnings mála	Almennur kostnaður óbyggðanefndar	Kostnaður við úrskurði
1999	1.526	16.787	1.555
2000	4.408	22.554	6.239
2001	3.526	27.637	13.228
2002	2.039	35.045	19.881
2003	5.434	36.889	25.965
2004	8.561	45.328	30.504
2005	4.722	36.309	38.931

Með kostnaði ráðuneytisins er átt við vinnu lögmanna og annarra sérfræðinga og kostnað við gagnaöflun.

Með almennum kostnaði óbyggðanefndar er átt við laun starfsfólks nefndarinnar og launatengd gjöld auk alls almenns rekstrarkostnaðar nefndarinnar.

Með kostnaði við úrskurði óbyggðanefndar er átt við eftirtalin atriði:

- Kynningu á þjóðlendukröfum íslenska ríkisins.
- Gerð og prentun korta.
- Gagnaöflun.
- Aðkeypt ljósritun gagna og tilheyrandi frágangur.
- Aðalmeðferð, þ.e. málflutningu lögmanna fyrir óbyggðanefnd og skýrslutökur af málsaðlilum og/eða öðrum þeim sem til þekkja.
- Greiðslur til nefndarmanna fyrir vinnu við úrskurði.
- Þóknun til lögmanna sem gæta hagsmuna málsaðila, annarra er íslenska ríkisins.